



## **Fundargerð**

Fundur í brunamála og almannavarnarnefnd Reykhólahrepps  
Mánudaginn 06. desember 2010, kl. 20:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir, Egill Sigurgeirsson og Örn Snævar Sveinsson. Einnig sátu fundinn Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Jónas Sigurðsson aðstoðarlögreglustjóri mætti á fundinn undir þriðja lið.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Sveitarstjóri setti fundinn og hélt um fundarstjórn þar til formaður var kjörinn. Þá var gengið til dagskrár. Leitað var afbrigða að taka þriðja lið fyrst á dagskrá og var það samþykkt.

## **Dagskrá:**

### **Mál til afgreiðslu:**

#### **1. Kosning formanns og varaformanns.**

Gerð var tillaga um Egil Sigurgeirsson sem formann nefnarinnar. Tillagan samþykkt. Tillaga var gerð um Örn Snævar Sveinsson sem varaformann nefndarinnar. Tillaga samþykkt. Þá tók formaður nefndarinnar við fundarstjórn.

#### **2. Fundargerð 4. maí 2010.**

Egill Sigurgeirsson fór yfir fundargerðina. Sveitarstjóri athugar um stöðu Brunavarnaráætlunar, einnig er honum falið að leita eftir samstarfssamningi við Hólmavík.

#### **3. Almannavarnir, fulltrúi almannavarna á Vestfjörðum mætir á staðinn.**

Jónas Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn fór yfir hlutverk almannavarnanefnda og upplýsti nefndina um verkefni sem unnið er að við að taka saman upplýsingar um svæðið og skilgreinda fjöldahjálparstöð, Reykhólaskóla. Samræmdar upplýsingar eru til um næstu sveitarfélög. Stefnt er að slysæfingu 16. apríl með almannavörnum og þátttöku allra sem að slysi koma.

### **Önnur mál:**

#### **4. Brunavarnaæfing í Reykhólaskóla.**

Guðmundur Ólafsson fór yfir helstu atriði varðandi æfinguna sem fram fór 24. nóvember s.l.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:40**

---

---

---